

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 300/2008

2009/EES/37/38

frá 11. mars 2008

um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 16. janúar 2008,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því skyni að verja einstaklinga og vörur innan Evrópusambandsins skal koma í veg fyrir ólöglegt athæfi, sem beinist gegn almenningssloftförum og stofnar flugvernd í almenningssflugi í hættu, með því að setja sameiginlegar reglur til að vernda almenningssflug. Þessu markmiði skal náð með því að setja sameiginlegar reglur og sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd svo og að koma á fyrirkomulagi til að hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt.
- 2) Æskilegt er, í þágu flugverndar í almenningssflugi almennt, að setja fram sameiginlega túlkun á 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningssflug frá 7. desember 1944.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽³⁾ var samþykkt í kjölfar atburðanna sem áttu sér stað í Bandaríkjunum 11. september 2001. Þörf er á sameiginlegri stefnu á sviði flugverndar í almenningssflugi og huga skal að því hvernig unnt er að veita skilvirkustu aðstoðina í kjölfar hryðjuverkaárása sem hafa stórfelld áhrif á sviði flutninga.

- 4) Endurskoða skal inntak reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 í ljósi fenginnar reynslu og sjálf reglugerðin skal felld niður og þessi reglugerð koma í hennar stað þar sem leitast er við að einfalda, samræma og útskýra nánar gildandi reglur og hækka flugverndarstigið.

- 5) Þar sem þörf er á meiri sveigjanleika við samþykkt verndarráðstafana og verklagsreglna, til að unnt sé að taka tillit til nýs áhættumats og innleiða nýja tækni, skal í þessari reglugerð mælt fyrir um grundvallarreglur varðandi það hvað eigi að gera til að verja almenningssflug gegn ólöglegu athæfi án þess að það feli í sér tæknilegar- og aðferðafræðilegar útlistanir á því hvernig eigi að koma reglunum í framkvæmd.

- 6) Þessi reglugerð skal gilda um flugvelli sem þjóna almenningssflugi og eru staðsettir á yfirráðasvæði aðildarríkis, umráðendur/flugrekendur sem veita þjónustu á slíkum flugvöllum og aðilum sem veita vörur og/eða þjónustu til slíkra flugvalla eða með viðkomu á þeim.

- 7) Með fyrirvara um samning varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum, Tókýó 1963, samning um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, Haag 16. desember 1970, samning um að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, Montreal 23. september 1971 skal þessi reglugerð einnig taka til verndarráðstafana sem gilda um borð í loftfari sem tilheyrir flugrekanda í Bandalaginu eða meðan á flugi stendur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 185, 8.8.2006, bls. 17.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 15. júní 2006 (Stjtið. ESB C 300 E, 9.12.2006, bls. 463), sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. desember 2006 (Stjtið. ESB C 70 E, 27.3.2007, bls. 21) og afstaða Evrópuþingsins frá 25. apríl 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 11. mars 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 4. mars 2008.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1, leiddrétt með Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3).

- 8) Hverju aðildarríki er heimilt að halda áfram að ákvarða hvort hafa eigi flugverndarfulltrúa um borð í loftfari, sem er skráð í viðkomandi aðildarríki, og í flugi flugrekenda, sem eru einnig skráðir þar, til að tryggja, í samræmi við lið 4.7.7 í 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningssflug og samkvæmt skilmálum þess samnings, að slíkir fulltrúar séu ríkisstafsmenn sem eru sérstaklega valdir og þjálfaðir, að teknu tilliti til nauðsynlegra verndar- og öryggisþátta um borð í loftfari.

- 9) Mismunandi tegundir almenningsflugs fela ekki endilega í sér jafnmikla áhættu. Þegar settar eru sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd skal taka tillit til stærðar loftfarsins, þess hvers eðlis flugið er og/eða tíðni starfrækslunnar á flugvöllum til að unnt sé að veita undanþágur.
- 10) Aðildarríkjum er einnig heimilt, á grundvelli áhættumats, að gera strangari ráðstafanir en þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 11) Þriðju lönd mega krefjast þess að beitt sé öðrum ráðstöfunum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í tengslum við flug frá flugvelli í aðildarríki til þessara þriðju landa eða flug yfir þau. Framkvæmdastjórnin skal þó eiga möguleika á, án þess að það hafi áhrif á tvíhliða samninga sem Bandalagið er aðili að, að rannsaka ráðstafanirnar sem þriðja landið krefst.
- 12) Jafnvel þótt ein eða fleiri stofnanir í aðildarríki kunni að standa að flugvernd skal hvert aðildarríki tilnefna sérstakt yfirvald sem ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd flugverndarkrafna.
- 13) Í því skyni að skilgreina hvar ábyrgðin á framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd liggur og til að lýsa þeim ráðstöfunum sem umráðendur/flugrekendur og aðrir aðilar krefjast í þessu tilliti skal hvert aðildarríki semja sína eigin áætlun um flugvernd í almenningsflugi. Enn fremur skal hver rekstraraðili flugvallar, flugrekandi og aðili sem hrindir flugverndarkröfunum í framkvæmd semja, beita og viðhalda verndaráætlun til að fara bæði að þessari reglugerð og hvaða gildandi, landsbundinni flugverndaráætlun sem er.
- 14) Til að hafa eftirlit með því hvort farið sé að þessari reglugerð og landsbundinni flugverndaráætlun skal hvert aðildarríki semja sína eigin áætlun til hafa eftirlit með stigi og gæðum flugverndar í almenningsflugi og til að tryggja að áætluninni sé hrint í framkvæmd.
- 15) Til að hafa eftirlit með því hvernig aðildarríkin beita þessari reglugerð og einnig til að gera ráðstafanir til að efla flugvernd skal framkvæmdastjórnin annast skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir.
- 16) Að jafnaði skal framkvæmdastjórnin birta ráðstafanir sem hafa bein áhrif á farþega. Framkvæmdargerðir, þar sem settar eru fram sameiginlegar ráðstafanir og verklag til að hrinda í framkvæmd sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem innihalda viðkvæmar öryggisupplýsingar ásamt skoðunarskýrslum framkvæmdastjórnarinnar og svörum frá viðeigandi stjórnvöldum, teljast vera trúnaðarupplýsingar ESB í skilningi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum⁽¹⁾. Ekki skal birta þessi atriði og skulu þau einungis vera aðgengileg þeim umráðendum/flugrekendum og aðilum sem hafa réttmætra hagsmuna að gæta.
- 17) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾.
- 18) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa heimild til að samþykkja almennar ráðstafanir um að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkrafna með því að bæta við þær, setja viðmiðanir sem heimila aðildarríkjum bæði að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum og til að samþykkja annars konar verndarráðstafanir og samþykkja forskriftir fyrir landsbundnar áætlanir um gæðaeftirlit. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 19) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að standa við hefðbundinn frest í tengslum við stjórnsýslumeðferð með eftirliti skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt sameiginlegra reglna til verndar almenningsflugi.
- 20) Markmiðið er að stuðla að því að eingöngu þurfi að framkvæma flugverndarráðstafanir einu sinni (one-stop security) innan Evrópusambandsins.
- 21) Enn fremur er ekki nauðsynlegt að endurskima farþega eða farangur þeirra sem koma með flugi frá þriðju löndum þar sem flugverndarkröfur eru sambærilegar þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að gera strangari ráðstafanir eða um heimildir Bandalagsins og aðildarríkjanna, skal því hvetja til ákvarðanatöku af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og, ef þörf krefur, samkomulags milli Bandalagsins og þriðju landa þar sem viðurkennt er að flugverndarkröfur þriðja lands séu sambærilegar sameiginlegu kröfunum þar sem slíkt samkomulag myndi stuðla að því að eingöngu þyrfti að framkvæma flugverndarráðstafanir einu sinni.
- 22) Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu reglna um flugöryggi, þ.m.t. reglur sem tengjast flutningi á hættulegum varningi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/548/EB, KBE (Stjtið. ESB L 215, 5.8.2006, bls. 38).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

- 23) Kveða skal á um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Rétt er að viðurlög, sem geta varðað einkamálarétt eða verið stjórnsýslulegs eðlis, séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 24) Yfirlýsing ráðherra um flugvöllinn á Gíbraltar, sem samþykkt var í Cordoba 18. september 2006 á fyrsta ráðherra fundi samráðsveitvangs um Gíbraltar, mun koma í stað sameiginlegrar yfirlýsingar um flugvöllinn á Gíbraltar, sem gefin var í London 2. desember 1987, og ef henni er fylgt í einu og öllu er litið svo á að yfirlýsingunni frá 1987 sé einnig fylgt.
- 25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að vernda almenningssflug gegn ólöglegu athæfi og að skapa grunn fyrir sameiginlega túlkun á 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningssflug og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve reglugerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Með þessari reglugerð eru settar sameiginlegar reglur til að verja almenningssflug gegn ólöglegu athæfi sem stofnar flugvernd í almenningssflugi í hættu.

Reglugerðin skapar einnig grunn fyrir sameiginlega túlkun á 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningssflug.

2. Leiðir til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 1. og 2. mgr., skulu vera:

- a) að setja sameiginlegar reglur og grunnkröfur um flugvernd,
- b) að koma á kerfi til að fylgjast með því að farið sé að þeim.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi:

- a) alla flugvelli eða hluta af flugvöllum sem eru staðsettir á yfirráðasvæði aðildarríkis og eru ekki eingöngu notaðir í hernaðarlegum tilgangi,

- b) alla umráðendur/flugrekendur, þ.m.t. flugrekendur, sem veita þjónustu á flugvöllum sem um getur í a-lið,
- c) alla aðila sem beita kröfum um flugvernd og stunda rekstur frá athafnasvæðum, sem eru staðsett innan eða utan flugvallarsvæða, og veita vörur og/eða þjónustu til flugvallar, sem um getur í a-lið, eða með viðkomu á þeim.

2. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „almenningssflug“: hvers konar starfræksla flugs á vegum almenningssloftfars að undanskilinni starfrækslu á vegum ríkissloftfars sem um getur í 3. gr. Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningssflug,
2. „flugvernd“: sambland af ráðstöfunum og mannafla og aðbúnaði til að vernda almenningssflug gegn ólöglegu athæfi,
3. „umráðandi/flugrekandi“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki sem annast eða býðst til að annast flutninga í lofti,
4. „flugrekandi“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi eða sambærilegt leyfi,
5. „flugrekandi í Bandalaginu“: flugrekandi sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem er gefið út af einu aðildarríkjana í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ⁽¹⁾,
6. „aðili“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki að undanskildum umráðanda/flugrekanda,
7. „bannaðir hlutir“: vopn, sprengiefni eða önnur hættuleg tæki, hlutir eða efni sem nota má til að fremja ólöglegt athæfi sem stofnar flugvernd í almenningssflugi í hættu,
8. „skimun“: beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

9. „flugverndareftirlit“: beiting aðgerða til að koma í veg fyrir aðflutning bannaðra hluta,
10. „aðgangseftirlit“: beiting aðgerða til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi aðila eða óleyfilegra ökutækja eða hvorutveggja,
11. „flugsvæði“: athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu þar sem aðgangur er takmarkaður,
12. „almenningsvæði“: hlutar flugvallar, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þeim sem eru ekki flugsvæði,
13. „haftasvæði flugverndar“: hluti flugsvæðis þar sem, til viðbótar við takmarkaðan aðgang, öðrum kröfum um flugvernd er beitt,
14. „aðgreint svæði“: svæði sem er aðgreint frá öðrum haftasvæðum flugverndar með aðgangseftirliti eða, ef aðgreinda svæðið sjálft er haftasvæði flugverndar, frá öðrum haftasvæðum flugverndar á flugvelli,
15. „athugun á bakgrunni“: skráð athugun á því hver einstaklingurinn er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaferil að baki, sem liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar,
16. „flugskiptafarþegar, flugskiptafarangur, flugskiptafarmur eða flugskiptapóstur“: farþegar, farangur, farmur eða póstur sem fer með öðru loftfari en hann kom með,
17. „farþegar, farangur, farmur eða póstur í gegnumferð“: farþegar, farangur, farmur eða póstur sem fer með sama loftfari og hann kom með,
18. „farþegi sem kann að vera óviðráðanlegur“: farþegi sem vísað hefur verið úr landi, telst ótækur sem innflytjandi eða er í lögmatu varðhaldi,
19. „handfarangur“: farangur sem er ætlaður til flutnings í farþegarými loftfars,
20. „lestarfarangur“: farangur sem er ætlaður til flutnings í lest loftfars,
21. „lestarfarangur sem fylgir farþega“: farangur sem er tekinn til flutnings í lest loftfars og farþeginn, sem innritaði hann, ferðast með þessu sama flugi,
22. „póstur flugrekanda“: póstur þar sem bæði sendandi og móttakandi eru flugrekendur,
23. „rekstrarvörur flugrekanda“: rekstrarvörur þar sem bæði sendandi og móttakandi eru flugrekendur eða þar sem flugrekandinn er sá sem notar þær,
24. „póstur“: sendingar bréfa og annarra hluta, að undanskildum pósti flugrekanda, sem hafa verið afhentar og eru ætlaðar til afhendingar í samræmi við reglur Alþjóðapóstambandsins,
25. „farmur“: hvers konar hlutir sem ætlaðir eru til flutnings í loftfari, að undanskildum farangri, pósti, pósti flugrekanda, rekstrarvörum flugrekanda og birgðum til notkunar um borð,
26. „viðurkenndur umboðsaðili“: flugrekandi, umboðsaðili, farmmiðlun eða einhver annar aðili sem hefur með höndum flugverndareftirlit í tengslum við farm eða póst,
27. „þekktur sendandi“: sendandi sem sendir farm eða póst fyrir eigin reikning og þar sem verklagsreglur hans uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt er að flytja farm eða póst með hvaða loftfari sem er,
28. „skráður sendandi“: sendandi sem sendir farm eða póst fyrir eigin reikning og þar sem verklagsreglur hans uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd nægilega vel til að unnt sé að flytja farm eða póst með hvaða loftfari sem er,
29. „flugverndarathugun á loftfari“: skoðun á þeim hlutum loftfars að innanverðu sem farþegar geta haft aðgang að ásamt skoðun á lest loftfarsins í því skyni að finna bannaða hluti og koma upp um ólöglegt athæfi sem beinist gegn loftfarinu,
30. „flugverndarleit í loftfari“: skoðun á loftfarinu að innanverðu og að utanverðu, þar sem það er aðgengilegt, í því skyni að finna bannaða hluti og koma upp um ólöglegt athæfi sem stofnar flugvernd loftfarsins í hættu,
31. „verndarfulltrúi um borð í loftfari“: einstaklingur sem er ráðinn af hálfu aðildarríkis til að ferðast með loftfari flugrekanda, sem aðildarríkið hefur veitt flugrekstrarleyfi, í því skyni að verja loftfarið og farþega þess gegn ólöglegu athæfi sem stofnar vernd flugsins í hættu.

4. gr.

Sameiginlegar grunnkröfur

1. Sameiginlegar grunnkröfur um að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi, sem stofnar flugvernd í almenningsflugi í hættu, skulu vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

Frekari, sameiginlegum grunnkröfum, sem ekki var gert ráð fyrir við gildistöku þessarar reglugerðar, skal bæta við viðaukann í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251.°gr. sáttmálans.

2. Almennar ráðstafanir, sem voru gerðar til að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkrafna, sem um getur í 1. mgr., með því að bæta við þær skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 19. gr.

Þessar almennu ráðstafanir skulu varða:

- a) leyfilegar skimunaraðferðir,
- b) flokka hluta sem kunna að vera bannaðir,
- c) í tilviki aðgangseftirlits, ástæður fyrir því að veittur sé aðgangur að flugsvæði og haftasvæði flugverndar,
- d) aðferðir sem eru leyfðar til að skoða ökutæki, framkvæma flugverndarathugun á loftfari og flugverndarleit í loftfari,
- e) viðmiðanir til að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum,
- f) skilyrði fyrir skimun farms og pósts eða öðru flugverndareftirliti svo og ferli við samþykki eða tilnefningu viðurkenndra umboðsaðila, þekktara sendenda og skráðra sendenda,
- g) skilyrði fyrir skimun pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda eða öðru flugverndareftirliti,
- h) skilyrði fyrir skimun birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða eða öðru flugverndareftirliti svo og ferli fyrir samþykki eða tilnefningu viðurkenndra birgja,
- i) viðmiðanir fyrir skilgreiningu viðkvæmstu hluta haftasvæða flugverndar,
- j) viðmiðanir fyrir ráðningu starfsfólks og hjálfunaraðferðir,
- k) skilyrði fyrir því hvernig beita megi sérstökum verndarráðstöfunum eða undanþágum frá flugverndareftirliti og
- l) hver konar almennar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkrafna, sem um getur í 1. mgr., með því að bæta við þær því sem ekki var séð fyrir á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórnin gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 19. gr.

3. Mæla skal fyrir um nákvæmar ráðstafanir við framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna, sem um getur í 1. mgr., og almennra ráðstafana, sem um getur í 2. mgr., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

Þær skulu fela í sér:

- a) kröfur og verklagsreglur við skimun,
- b) skrá yfir bannaða hluti,
- c) kröfur og verklagsreglur við aðgangseftirlit,
- d) kröfur og verklagsreglur við skoðun ökutækja, flugverndarathuganir á loftfari og flugverndarleit í loftfari,
- e) ákvarðanir við að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd sem beitt er í þriðja landi,
- f) að því er varðar farm og póst, verklagsreglur um samþykkt eða tilnefningu viðurkenndra umboðsaðila, þekktara sendenda og skráðra sendenda svo og skuldbindingar sem þeir eiga að uppfylla,
- g) kröfur og verklagsreglur við flugverndareftirlit með pósti flugrekanda og rekstrarvörum flugrekanda,
- h) að því er varðar birgðir um borð og flugvallarbirgðir, verklagsreglur um samþykki eða tilnefningu viðurkenndra birgja og þekktara birgja svo og skuldbindingar sem þeir eiga að uppfylla,
- i) skilgreiningu á viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar,
- j) ráðningu starfsfólks og hjálfunarkröfur,
- k) sérstakar verndarráðstafanir eða undanþágur frá flugverndareftirliti,
- l) tæknilegar forskriftir og verklagsreglur við samþykkt og notkun flugverndarbúnaðar og
- m) kröfur og verklagsreglur varðandi farþega sem kunna að vera óviðráðanlegir.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með því að breyta þessari reglugerð með ákvörðun í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirlit sem um getur í 3. mgr. 19. gr., setja viðmiðanir, sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágu frá sameiginlegu grunnkröfunum, sem um getur í 1. mgr., og samþykkja annars konar verndarráðstafanir sem veita fullnægjandi vörn á grundvelli staðbundins áhættumats. Slíkar annars konar ráðstafanir skulu vera réttlætunarlegar af ástæðum sem varða stærð loftfarsins eða af ástæðum sem varða eðli, umfang eða tíðni starfrækslunnar eða annarrar viðeigandi starfsemi.

Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórnin gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 19. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sameiginlegu grunnkröfunum, sem um getur í 1. mgr., sé beitt á yfirráðasvæði þeirra.

Ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að flugvernd hafi verið stofnað í hættu með bresti í flugvernd skal það sjá til þess að gripið verði til skjótra aðgerða til að bæta úr þessum bresti og tryggja áframhaldandi flugvernd í almenningsflugi.

5. gr.

Verndarkostnaður

Með fyrirvara um viðeigandi ákvæði laga Bandalagsins er hverju aðildarríki heimilt að ákvarða við hvaða aðstæður og að hvaða marki aðildarríki, rekstraraðilar flugvalla, flugrekendur, aðrir ábyrgir aðilar eða notendur skuli bera kostnað af verndarráðastöfunum, sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð, til að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi. Aðildarríkjum er heimilt ásamt notendum, ef við á og í samræmi við lög Bandalagsins, að greiða sinn skerf af kostnaði vegna strangari verndarráðstafana sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð. Að því marki sem framkvæmanlegt er skal innheimta hvers konar gjalda eða yfirfærsla verndarkostnaðar vera í beinum tengslum við kostnað vegna hlutaðeigandi verndarþjónustu og einungis ætlað að fjármagna raunverulegan kostnað.

6. gr.

Strangari ráðstafanir aðildarríkja

1. Aðildarríkjunum er heimilt að gera ráðstafanir sem eru strangari en sameiginlegu grunnkröfurnar sem um getur í 4. gr. Í þeim efnum skulu þau gera það á grundvelli áhættumats og í samræmi við lög Bandalagsins.

Þessar ráðstafanir skulu vera viðeigandi, hlutlægar, án mismununar og í réttu hlutfalli við áhættuna sem um ræðir.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir eins fljótt og auðið er eftir að þær hafa verið gerðar. Þegar framkvæmdastjórninni hefur borist þessar upplýsingar skal hún senda þær til hinna aðildarríkjanna.

3. Aðildarríkin þurfa ekki að tilkynna framkvæmdastjórninni ef viðkomandi ráðstafanir takmarkast við tiltekið flug á tilteknum degi.

7. gr.

Verndarráðstafanir sem krafist er af þriðju löndum

1. Með fyrirvara um hvers konar tvíhliða samninga, sem Bandalagið er aðili að, skal aðildarríki ekki tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem krafist er af þriðja landi ef þær eru frábrugðnar sameiginlegu grunnkröfunum, sem um getur í 4. gr., að því er varðar flug frá flugvöllum í aðildarríki til þessa þriðja lands eða þegar flogið er yfir það.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, skoða beitingu hvers konar ráðstafana, sem tilkynntar eru skv. 1. mgr., og henni er heimilt, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 19. gr., að taka saman viðeigandi svar til hlutaðeigandi þriðja lands.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda:

a) ef hlutaðeigandi aðildarríki gerir ráðstafanirnar, sem um ræðir, í samræmi við 6. gr. eða

b) ef kröfur þriðja lands takmarkast við tiltekið flug á tilteknum degi.

8. gr.

Samstarf við Alþjóðaflugmálastofnunina

Með fyrirvara um 300. gr. sáttmálans er framkvæmdastjórninni heimilt að undirrita viljayfirlýsingu með Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) um úttekt til að koma í veg fyrir að endurtaka þurfi eftirlit með því hvort aðildarríkin fari að 17. viðauka Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug.

9. gr.

Viðeigandi yfirvald

Ef tveir eða fleiri aðilar, innan eins aðildarríkis, koma að flugvernd í almenningsflugi skal þetta aðildarríki tilnefna eitt yfirvald (hér á eftir nefnt viðeigandi yfirvald) sem ber ábyrgð á samhæfingu og hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegu grunnkraftanna sem um getur í 4. gr.

10. gr.

Landsbundin flugverndaráætlun í almenningsflugi

1. Hvert aðildarríki skal semja, beita og viðhalda eigin flugverndaráætlun í almenningsflugi.

Í þeirri áætlun skal skilgreina ábyrgð varðandi framkvæmd sameiginlegra grunnkrafta, sem um getur í 4. gr., og lýsa ráðstöfunum sem umráðendur/flugrekendur og aðilar krefjast í þessu tilliti.

2. Viðeigandi yfirvald skal sjá til þess, að umráðendur/flugrekendur og aðilar, sem þurfa að fá viðkomandi vitneskju og teljast hafa lögmetra hagsmuna að gæta, fái aðgang að viðeigandi hlutum landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi.

*11. gr.***Landsbundin áætlun um gæðaeftirlit**

1. Hvert aðildarríki skal semja, beita og viðhalda eigin áætlun um gæðaeftirlit.

Sú áætlun skal gera aðildarríki kleift að hafa eftirlit með gæðum flugverndar í almenningsflugi í því skyni að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi.

2. Samþykkja skal forskriftir fyrir landsbundna áætlun um gæðaeftirlit með því að breyta þessari reglugerð og bæta við hana viðauka í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 19. gr.

Ef málefnið er mjög brýnt getur framkvæmdastjórnin gripið til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 19. gr.

Áætlunin skal gera kleift að finna annmarka og ráða bót á þeim með skjótum hætti. Hún skal einnig fela í sér að viðeigandi yfirvald fylgist milliliðalaust með öllum flugvöllum, umráðendum/flugrekendum og aðilum, sem bera ábyrgð á framkvæmd krafna um flugvernd og eru staðsettir á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, eða hafi yfirumsjón með því að svo sé gert.

*12. gr.***Flugverndaráætlun flugvallar**

1. Hver rekstraraðili flugvallar skal semja, beita og viðhalda flugverndaráætlun flugvallar.

Í þeirri áætlun skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem rekstraraðili flugvallar á að fylgja til að fara bæði að ákvæðum þessarar reglugerðar og landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi í því aðildarríki þar sem flugvöllurinn er.

Áætlunin skal fela í sér ákvæði um innra gæðaeftirlit þar sem lýst er hvernig rekstraraðili flugvallar eigi að hafa eftirlit með því að þessum aðferðum og verklagsreglum sé fylgt.

2. Leggja skal flugverndaráætlun flugvallar fyrir viðeigandi yfirvald sem getur gripið til frekari aðgerða, ef við á.

*13. gr.***Flugverndaráætlun flugrekanda**

1. Hver flugrekandi skal semja, beita og viðhalda flugverndaráætlun flugrekanda.

Í þeirri áætlun skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem flugrekandi flugvallar á að fylgja til að fara bæði að ákvæðum þessarar reglugerðar og landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi í því aðildarríki þaðan sem hann veitir þjónustu.

Áætlunin skal fela í sér ákvæði um innra gæðaeftirlit þar sem lýst er hvernig flugrekandi eigi að hafa eftirlit með því að farið sé að þessum aðferðum og verklagsreglum.

2. Ef farið er fram á það skal flugverndaráætlun flugvallar lögð fyrir viðeigandi yfirvald sem getur gripið til frekari aðgerða, ef við á.

3. Ef viðeigandi yfirvald aðildarríkisins, sem veitir flugrekstrarleyfið, hefur fullgilt flugverndaráætlun flugrekanda í Bandalaginu skulu öll hin aðildarríkin viðurkenna að flugrekandinn hafi uppfyllt kröfur 1. mgr. Þetta er með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að fara fram á það við hvern flugrekanda að hann láti í té upplýsingar um framkvæmd sína:

a) á verndarráðstöfunum sem þetta aðildarríki gerir skv. 6. gr. og/eða

b) á staðbundnum ráðstöfunum sem eru gerðar á þeim flugvöllum sem notaðir eru.

*14. gr.***Flugverndaráætlun aðila**

1. Hver aðili sem er skyldugur, samkvæmt landsbundinni flugverndaráætlun í almenningsflugi, til að beita kröfum um flugvernd, skal semja, beita og viðhalda flugverndaráætlun.

Í þeirri áætlun skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem aðilinn á að fylgja til að hann geti uppfyllt ákvæði landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi í viðkomandi aðildarríki í tengslum við starfsemi sína í því ríki.

Áætlunin skal fela í sér ákvæði um innra gæðaeftirlit þar sem því er lýst hvernig aðilinn sjálfur eigi að hafa eftirlit með því að þessum aðferðum og verklagsreglum sé fylgt.

2. Ef farið er fram á það skal flugverndaráætlun aðilans lögð fyrir viðeigandi yfirvald sem getur gripið til frekari aðgerða, ef við á.

*15. gr.***Skoðanir á vegum framkvæmdastjórnarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við viðeigandi yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis, framkvæma skoðanir, þ.m.t. skoðanir á flugvöllum, hjá umráðendum/flugrekendum og aðilum sem beita kröfum um flugvernd, til að hafa eftirlit með því hvernig aðildarríkin beita þessari reglugerð og til að leggja fram tillögur til að efla flugvernd. Í því skyni skal viðeigandi yfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um alla flugvelli á yfirráðasvæði sínu sem þjónusta almenningsflug, að undanskildum þeim sem fjallað er um í 4. mgr. 4. gr.

Samþykkja skal aðferðir við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

2. Skoðanir framkvæmdastjórnarinnar á flugvöllum, hjá umráðendum/flugrekendum og aðilum, sem beita kröfum um flugvernd, skulu framkvæmdar fyrirvaralaust. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki með góðum fyrirvara um skoðun áður en hún fer fram.

3. Senda skal hverja skoðunarskýrslu til viðeigandi yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis sem skal í svari sínu tilgreina þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að ráða bót á hvers konar annmörkum sem komið hafa í ljós.

Síðan skal senda skýrsluna, ásamt svari viðeigandi yfirvalds, til viðeigandi yfirvalds annarra aðildarríkja.

16. gr.

Ársskýrsla

Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og aðildarríkin og veita þeim upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar og áhrif hennar á eflingu flugverndar.

17. gr.

Ráðgjafahópur hagsmunaaðila

Með fyrirvara um hlutverk nefndarinnar, sem um getur í 19.°gr., skal framkvæmdastjórnin koma á fót ráðgjafahóp hagsmunaaðila um flugvernd sem samanstendur af evrópskum samtökum fulltrúa sem annast flugvernd eða verða fyrir beinum áhrifum af henni. Þessi hópur skal eingöngu veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf. Nefndin, sem um getur í 19.°gr., skal láta ráðgjafahópi hagsmunaaðila í té upplýsingar meðan á reglusetningarferlinu stendur.

18. gr.

Miðlun upplýsinga

Að jafnaði skal framkvæmdastjórnin birta ráðstafanir sem hafa bein áhrif á farþega. Eftirfarandi skjöl skulu þó teljast vera trúnaðarupplýsingar ESB í skilningi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE:

- ráðstafanir og verklagsreglur, sem um getur í 3. og 4. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr., ef þar eru viðkvæmar upplýsingar er varða flugvernd,
- skoðunarskýrslur framkvæmdastjórnarinnar og svör viðeigandi yfirvalda sem um getur í 3. mgr. 15. gr.

19. gr.

Nefndarmeðferð

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
- Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8.°gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

20. gr.

Samningar milli Bandalagsins og þriðju landa

Þar sem það á við og í samræmi við lög Bandalagsins er hægt að gera ráð fyrir að samningar um almenningssflug milli Bandalagsins og þriðju landa, í samræmi við 300. gr. sáttmálans, feli í sér ákvæði sem viðurkenna að kröfur um flugvernd í þriðja landi séu jafngildar kröfum Bandalagsins, í því skyni að þróa áfram markmiðið um að stuðla að því að eingöngu þurfi að framkvæma flugverndarráðstafanir einu sinni að því er varðar öll flug milli Evrópusambandsins og þriðju landa.

21. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

22. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um fjármögnun

Framkvæmdastjórnin mun leggja fram skýrslu, eigi síðar en 31.°desember 2008, um hvernig í meginatriðum eigi að standa straum af kostnaði við verndarráðstafanir í almenningssflugi. Í þeirri skýrslu verður einnig tekið til skoðunar hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að tryggja að gjöld, sem innheimt eru vegna flugverndar, standi einvörðungu undir verndarkostnaði og til að auka gagnsæi slíkra gjalda. Í skýrslunni verður einnig fjallað um þau meginatriði sem eru nauðsynleg til að tryggja að samkeppni milli flugvalla og flugrekenda raskist ekki og mismunandi aðferðir til að tryggja neytendavernd að því er varðar dreifingu kostnaðar vegna verndarráðstafana milli skattgreiðenda og notenda. Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar mun fylgja tillaga um réttarreglur, ef við á.

23. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 2320/2002 er hér með felld úr gildi.

24. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum, sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. og 3. mgr. 4. gr., en eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

3. Sem undanþága frá 2. mgr. skulu 4. gr. (2., 3. og 4. mgr.), 8. gr., 11. gr. (2. mgr.), 15. gr. (önnur undirgrein 1. mgr.), 17. gr., 19. gr. og 22. gr. gilda frá gildistöku þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

Forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. LENARČIČ

forseti.

VIÐAUKI

SAMEIGINLEGAR GRUNNKRÖFUR UM VERND ALMENNINGSFLUGS GEGN ÓLÖGLEGU ATHÆFI (4. GR.)

1. FLUGVERND Á FLUGVÖLLUM

1.1. **Kröfur við skipulagningu flugvalla**

1. Við hönnun og byggingu nýrra flugvallarmannvirkja eða breytingu á fyrirbyggjandi flugvallarmannvirkjum skal taka fullt tillit til krafna um framkvæmd sameiginlegra grunn krafna sem settar eru fram í þessum viðauka og framkvæmdargerðum hans.
2. Flugvöllum skal skipt upp í eftirfarandi svæði:
 - a) almenningssvæði,
 - b) flugsvæði,
 - c) haftasvæði flugverndar og
 - d) viðkvæmstu hluta haftasvæða flugverndar.

1.2. **Aðgangseftirlit**

1. Aðgangur að flugsvæði skal vera takmarkaður til að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar og ökutæki fari inn á þessi svæði.
2. Aðgangur að haftasvæði flugverndar skal vera undir eftirliti til að tryggja að hvorki óviðkomandi aðilar né ökutæki fari inn á þessi svæði.
3. Einstaklingum og ökutækjum er einungis veitt heimild til að fara inn á flugsvæði og haftasvæði flugverndar ef þau uppfylla verndarskilyrðin sem krafist er.
4. Einstaklingar, þ.m.t. flugliðar, skulu hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni áður en þeir fá útgefin aðgangskort áhafnar eða aðgangskort að flugvelli sem heimilar þeim aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar.

1.3. **Skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér**

1. Framkvæma skal stöðugt skimun á slembiúrtaki annarra einstaklinga en farþega, ásamt hlutum sem þeir bera á sér, þegar þeir koma inn á haftasvæði flugverndar til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á þessi svæði.
2. Framkvæma skal skimun á slembiúrtaki allra annarra einstaklinga en farþega, ásamt hlutum sem þeir bera á sér, þegar þeir koma inn á viðkvæmstu hluta haftasvæða flugverndar til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á þessi svæði.

1.4. **Skoðun ökutækja**

Skoða skal ökutæki, sem koma inn á haftasvæði flugverndar, til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á þessi svæði.

1.5. **Eftirlit, eftirlitsferðir og verndun mannvirkja**

Á flugvöllum og, eftir því sem við á, á svæðum sem liggja að almennum aðkomuleiðum, skal vera til staðar eftirlit, eftirlitsferðir og verndun mannvirkja til að greina grunsamlega hegðun einstaklinga, veikleika sem hægt væri að nýta til að fremja ólöglegt athæfi og til að hindra einstaklinga til að fremja slík athæfi.

2. AÐGREIND SVÆÐI Á FLUGVÖLLUM

Til að tryggja að kröfum um flugvernd, sem gilda um loftfar, farþega, farangur, farm og póst, sé ekki stofnað í hættu skal loftfar, sem er á staði á aðgreindu svæði á flugvöllum þar sem aðrar ráðstafanir gilda í samræmi við þær sem um getur í 4. mgr. 4. gr., aðgreint frá loftfari sem sameiginlegar grunnkröfur gilda að öllu leyti um.

3. FLUGVERND LOFTFARA

1. Framkvæma skal flugverndarathugun á loftfari eða flugverndarleit í því fyrir brottför til að tryggja að engir bannaðir hlutir séu um borð. Heimilt er að láta aðrar viðeigandi ráðstafanir gilda um loftför í gegnumferð.
2. Öll loftför skulu varin gegn óheimilum aðgangi.

4. FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

4.1. Skimun farþega og handfarangurs

1. Allir farþegar sem hefja ferð, flugskiptafarþegar og farþegar í gegnumferð skulu skimaðir ásamt handfarangri þeirra til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar.
2. Veita má undanþágu frá skimun fyrir flugskiptafarþega og handfarangur þeirra:
 - a) ef flugskiptafarþegar og handfarangur þeirra kemur frá aðildarríki nema framkvæmdastjórnin og þetta aðildarríki hafi látið í té upplýsingar þess efnis að ekki sé hægt að líta svo á að þessir farþegar og handfarangur þeirra hafi verið skimaður í samræmi við sameiginlegar grunnkröfur eða
 - b) ef flugskiptafarþegar og handfarangur þeirra kemur frá þriðja landi þar sem viðurkennt er að verndarkröfur, sem er beitt, séu jafngildar sameiginlegum grunnkröfum í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.
3. Veita má undanþágu frá skimun fyrir farþega í gegnumferð og handfarangur þeirra:
 - a) ef farþegar í gegnumferð og handfarangur þeirra er áfram um borð í loftfarinu eða
 - b) ef farþegar í gegnumferð og handfarangur þeirra blandast ekki saman við skimaða brottfararfarþega nema þá sem koma um borð í sama loftfar eða
 - c) ef farþegar í gegnumferð og handfarangur þeirra kemur frá aðildarríki nema framkvæmdastjórnin og þetta aðildarríki hafi látið í té upplýsingar þess efnis að ekki sé hægt að líta svo á að þessir farþegar hafi verið skimaðir ásamt handfarangri þeirra í samræmi við sameiginlegar grunnkröfur eða
 - d) ef farþegar í gegnumferð og handfarangur þeirra kemur frá þriðja landi þar sem viðurkennt er að verndarkröfur, sem er beitt, séu jafngildar sameiginlegum grunnkröfum í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

4.2. Vörn farþega og handfarangurs

1. Farþegar skulu varðir gegn ólöglegu athæfi og handfarangur þeirra gegn óheimilum aðgangi frá því skimun fer fram og fram að brottför loftfarsins sem á að flytja farþegana og handfarangur þeirra.
2. Skimaðir brottfararfarþegar skulu ekki blandast komufarþegum nema:
 - a) farþegar komi frá aðildarríki, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin eða þetta aðildarríki hafi ekki látið í té upplýsingar þess efnis að ekki sé hægt að líta svo á að þessir farþegar og handfarangur þeirra hafi verið skimaður í samræmi við sameiginlegar grunnkröfur eða
 - b) farþegar komi frá þriðja landi þar sem viðurkennt er að verndarkröfur, sem er beitt, séu jafngildar sameiginlegum grunnkröfum í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

4.3. Farþegar sem kunna að vera óviðráðanlegir

Fyrir brottför skal gera viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar farþega sem kunna að vera óviðráðanlegir.

5. LESTARFARANGUR**5.1. Skimun lestarfarangurs**

1. Allur lestarfarangur skal skimaður áður en hann er settur um borð í loftfar til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar.
2. Veita má undanþágu frá skimun fyrir flugskiptalestarfarangur:
 - a) ef hann kemur frá aðildarríki nema framkvæmdastjórnin og þetta aðildarríki hafi látið í té upplýsingar þess efnis að ekki sé hægt að líta svo á að þessi lestarfarangur hafi verið skimaður í samræmi við sameiginlegar grunnkröfur eða
 - b) ef hann kemur frá þriðja landi þar sem viðurkennt er að verndarkröfur, sem er beitt, séu jafngildar sameiginlegum grunnkröfum í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.
3. Veita má undanþágu frá skimun fyrir lestarfarangur í gegnumferð ef hann verður áfram um borð í loftfarinu.

5.2. Vörn lestarfarangurs

Lestarfarangur, sem flytja á í loftfari, skal varinn gegn óheimilum aðgangi frá því hann er skimaður eða tekið er við honum af hálfu flugrekandans og fram að brottför loftfarsins sem á að flytja hann, hvort heldur á sér stað fyrr.

5.3. Tengsl milli farangurs og farþega

1. Allur lestarfarangur skal auðkenndur sem farangur sem fylgir farþega eða farangur sem fylgir ekki farþega.
2. Ekki skal flytja farangur sem fylgir ekki farþega nema farangurinn hafi annaðhvort verið aðskilinn frá farþegum, vegna ástæðna sem farþegar hafa ekki áhrif á, eða hann látinn sæta flugverndareftirliti.

6. FARMUR OG PÓSTUR**6.1. Flugverndareftirlit með farmi og pósti**

1. Allur farmur og póstur skal sæta flugverndareftirliti áður en hann er lestaður um borð í loftfar. Flugrekandi skal ekki samþykkja að flytja farm eða póst um borð í loftfari nema hann hafi viðhaft slíkt flugverndareftirlit sjálfur eða viðurkenndur umboðsaðili, þekktur sendandi eða skráður sendandi hafi staðfest og skráð að slíkt flugverndareftirlit hafi verið framkvæmt.
2. Flugskiptafarmur og flugskiptapóstur skal sæta annars konar flugverndareftirliti sem lýst skal nánar í framkvæmdargerð.
3. Veita má undanþágu frá flugverndareftirliti fyrir farm í gegnumferð og póst í gegnumferð ef hann verður áfram um borð í loftfarinu.

6.2. Vörn farms og pósts

1. Farmur og póstur, sem flytja á í loftfari, skal varinn gegn óheimilum aðgangi frá því hann sætir flugverndareftirliti og fram að brottför loftfarsins sem á að flytja hann.
2. Farmur og póstur, sem er ekki nægilega varinn gegn óheimilum aðgangi frá því hann sætir flugverndareftirliti, skal skimaður.

7. PÓSTUR OG REKSTRARVÖRUR FLUGREKANDA

Póstur og rekstrarvörur flugrekanda skulu sæta flugverndareftirliti og því varðar þar til þær eru lestaðar um borð í loftfar til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir um borð í það.

8. BIRGÐIR TIL NOTKUNAR UM BORÐ

Birgðir til notkunar um borð, þ.m.t. vistir, sem ætlaðar eru til flutnings eða notkunar um borð í loftfari skulu sæta flugverndareftirliti og þær varðar þar til þær eru lestaðar um borð í loftfari til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir um borð í það.

9. FLUGVALLARBIRGÐIR

Birgðir sem ætlunin er að selja eða nota á haftasvæði flugverndar á flugvöllum, þ.m.t. birgðir fyrir tollfrjálsar verslanir og veitingahús, skulu sæta flugverndareftirliti til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á þessi svæði.

10. FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR Á FLUGI

1. Með fyrirvara um gildandi flugöryggisreglur:

- a) skal koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar komist inn í stjórnklefann meðan á flugi stendur,
- b) skulu farþegar, sem kunna að vera óviðráðanlegir, sæta viðeigandi verndarráðstöfunum meðan á flugi stendur.

2. Gera skal viðeigandi verndarráðstafanir, eins og þjálfun flugliða og öryggis- og þjónustuliða, til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi meðan á flugi stendur.

3. Vopn, að undanskildum þeim sem eru flutt í lestinni, skulu ekki flutt um borð í loftfari nema nauðsynlegar verndarkröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við landslög og hlutadeigandi ríki hafi gefið heimild þar að lútandi.

4. Ákvæði 3. mgr. skulu einnig gilda um verndarfulltrúa ef þeir bera vopn.

11. RÁÐNING OG ÞJÁLFUN STARFSFÓLKIS

1. Einstaklingar, sem framkvæma eða bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangseftirlit eða annars konar flugverndareftirlit, skulu ráðnir til starfa, þjálfaðir og, eftir því sem við á, öðlast skírteini því til staðfestingar til að tryggj sé að þeir séu vel fallnir til ráðningar og hæfir til að takast á hendur þau verkefni sem þeim eru falin.

2. Einstaklingar, að undanskildum farþegum sem þurfa að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu fá þjálfun í flugvernd áður en aðgangskort að flugvelli eða aðgangskort áhafnar er gefið út.

3. Þjálfunin, sem minnst er á í 1. og 2. mgr., skal vera í formi grunn- og framhaldsþjálfunar.

4. Leiðbeinendur, sem annast þjálfun einstaklinganna sem minnst er á í 1. og 2. mgr., skulu hafa nauðsynleg réttindi.

12. FLUGVERNDARBÚNAÐUR

Búnaður, sem er notaður við skimun, aðgangseftirlit og annars konar flugverndareftirlit skal vera í samræmi við skilgreindar forskriftir og geta annast viðeigandi flugverndareftirlit.